

Skýggnt um af sjónarhóli.

MINNINGAR FRÁ FYRSTU DÖGUM SÍLDARINNAR

Framhald.

Hafliði Guðmundsson, hreppstjóri.

Á þessum árum voru það einkum tveir menn er settu svip sinn á bæinn, og unnu óeigingjarnt og mikið starf, er skapaði staðnum álit og frægð langt út fyrir íslenskt umhverfi. Þessir tveir menn voru þeir, séra Bjarni Þorsteinsson og Hafliði Guðmundsson, hreppstjóri, en hinn fyrrnefndi var líka oddviti hreppsnefndar. Hafliði var, eins og hann kom mér fyrir sjónir fyrir 37 árum, þrekvaxinn meðalmaður, hraustlegur og burðulegur með jarpbrúnt alskegg, sem þá var orðið dálítið hæruskotið. Hann var alþýðunnar maður í þess orðs fyllsta og bezta skilningi. Og þegar sinnhver kynntist honum fyrir alvöru fann sá hinn sami fljótt, að þar var maður, er hann gjarna vildi eiga að vini og vera samvistum við. Hann var góðhjartaður og höfðingi í lund. Og góðvildin og manngæzkan skein út úr skeggjuðu andlitinu. Margur leitaði á hans fund með sorgir sínar og áhyggjur og spurðu hann ráða er mikils þótti með þurfa. Og engan mann lét hann synjandi frá sér fara, því allra manna vandræði leysti hann með einhverju móti svo betur þótti en áður. Orðtak hans var ævinlega: „Það er stórartað! Já, er það ekki stórartað!“ Honum þótti gott að fá sér staup og bezta guðaveig hans var norskt Loytens-ákavíti, ellegar gott danskt Kornbrennivín. Kampavín kallaði hann súrbloñdu. Ekki var með sanni sagt að hann drykki of mikið — og ef til vill heldur ekki of lítið. Hver maður elskaði hann og virti, bæði landar hans og útlendir menn, og þeir mest er þekktu hann bezt. Norðmennirnir elskuðu hann, og hann þá, enda þótt þeir gerðu honum oft erfiðara fyrir en þeir vildu gert hafa.

Í fjölda ára var hann eina yfirvald staðarins, og átti þess vegna miklum og ábyrgðarfullum störfum að gegna. Hann varð að afgreiða hvert skip til komu og brottfarar, og frá því í maí og til októberloka urðu skip þessi oft á fimmta hundrad. Voru það líklega tvöfalt fleiri afgreiðslur en allar aðrar íslenskar hafnir höfðu samtals að meðtaldri Reykjavík á sama tíma. Hann innheimti öll hafnargjöld og alla inn- og útflutningstolla o. s. frv.

En þetta olli honum ekki mestum örðugleikum og erfiðinu. Nei En það var löggæzlan. Samkvæmt

embætti sínu, var hann hvortveggja í senn, lögregluþjónn og lögreglustjóri. Það var hann, sem átti að halda hér öllu í skefjum, stilla til friðar og skapa borgaralegt öryggi í þorpinu og sjá svo um að enginn lögbröt væri framin. Hér var í þá daga hægt um hönd að afla sér gnægða áfengis. Þá var slík vara ódýr. Þá fengust 50 flösk

EFTIR

O. TYNES

ur af brennivíni fyrir sömu upphæð og nú kostar ein flaska af „Svartadauða“, og miklu betri tegund, en „Svartidauði“ Áfengisverzlunarinnar er. Þetta ástand margfaldaði auðvitað erfiðleikana við löggæzlu. Einn maður átti að halda slíkri launverzlun í skefjum. Menn geta nokkurn vegin getið sér til hve erfitt slíkt starf hlaut að vera einum manni, sem hniginn var á efra aldur, er það er tekið með í reikninginn, að yfir síldarvertíðina dvöldust hér um þrjár þúsundir manna og þar af að líkindum um 2000 Norðmenn. Af þeim var rúmlega helmingur 17 til 25 ára, og flestir ófyrirleitnir, og kærðu sig kollótta hvort þeir sukkju eða flutu, og meiri hlutinn drykkfelldur og gjarn til grárna leikja.

Þeir, sem muna þessa tíma og bera þá saman við ímyndaða eftirlitsþörf nú og horfa á 6 til 7 einkennisklædda lögreglumenn ganga fram og aftur um Aðalgötuna, þeim verður það á að bera saman ástandið nú og þá, og þeim verður áreiðanlega tíðhugað til Hafliða, gamals manns, sem einn átti að vinna meira starf en nú er ætlað 6 til 7 filefildum mönnum á bezta skeiði. Og þá verður þeim hinum sömu á að spyrja sjálfa sig: Hvað olli því, að allt gekk þá jafnvel og raun var á?

Svarið verður vafalaust það sama hjá öllum er til þekktu: Því olli hin óvenjulega manngæzka og góðvild Hafliða. Þessir skapkostir orkuðu þannig á hugina, að allir elskuðu manninn og virtu í senn, svo að enginn, vitandi vits, gerðist til þess að brjóta á móti skipunum hans, og ef svo vildi til, að einhverjir væri svo langt leiddir, að þeir skeyttu hvorki boði hans né banni, þá nýttist þeim sá yfirgangur til engrar hlítar, því að þeir, er Hafliða fylgdu að málum voru

ævinlega í stórkostlegum meiri hluta.

Eg vil leyfa mér að nefna hér eitt dæmi um það, hvernig Hafliði rækti sitt lögreglustjórastarf, og mætti þó nefna ótal mörg fleiri.

Eitt sumarið kom hingað norsk skonnorta frá Stavangri með kola-farm og átti að hlaða hér síld til útflutnings. Skipstjórinn hét Tride og var að mörgu misendismaður. Matreiðslumaður skipsins var piltur, óharðnaður og kornungur. Hann var rétt nýfermdur, er hann réðist á skip þetta, eða tæplega 15 ára. Hann hafði aldrei fyrr farið úr foreldrahúsum. En hann varð að freista þess svo fljótt sem verða mætti að bjarga sér sjálfur, því móðir hans var fátæk ekkja.

Dag nokkurn kemur skipstjóri þessi heim til Hafliða og tilkynnir honum, að sér hafi horfið veski með 500 krónum, og það með, að drengur þess sé hinn eini, er valdur geti verið að hvarfi veskisins og hann muni hafa stolið því. Hafliði bað skipstjórann að senda drenginn heim til sín, og einn skipsfélaga hans fylgdi honum heim til yfirvaldsins.

Hjá Hafliða var þá staddur séra Tómas. Hafliði sagði nú drengnum hvað hann væri ákærður um, og bað drenginn að skýra sér satt og rétt frá öllum málavöxtum. Veslings drengurinn var svo óttasleginn og yfirkominn, að hann kom ekki upp nokkru orði. Og gekk svo um stund. Honum lá við yfirliði og varð að færa honum vatn til þess að hann gæti jafnað sig ofurlítið. Loks gat hann komið fyrir sig orði, og sór og sárt við lagði, að hann væri alsaklaus af þessum áburði. Og loks bugaðist hann og fór að gráta. Hafliði leit aðist við að hugga sveininn, sem trúði þá yfirvaldinu fyrir því, að skipstjór hefði misþyrmt sér og og hótað að fleygja sér fyrir borð á heimleiðinni o. fl. þessu líkt.

Hafliði sendi nú eftir skipstjóra og tilkynnt honum, að hann væri orðinn þess fullviss, að sveininn væri saklaus. Skipstjóri varð öskuvondur og viðhafði ósamilegt orðbragð.

Skipið átti að láta úr höfn um nóttina, en er leggja átti af stað fannst drengurinn hvergi. Öll skipshöfnin, og allir, er til málanna þekktu í landi, töldu víst, að drengurinn hefði annaðhvort viljandi eða óviljandi fallið útbyrðis um nóttina og drukknað. Og sakir sjóprófa, er haldin voru út af þessum atburði, tafðist skipið hér í tvo

Siglfirðingur

Blað Sjálfstæðismanna í Siglufirði.

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:

SIGURÐUR BJÖRGÓLFSSON

Afgreiðslu og innheimtu annast:

Ragnar Jónasson,

Hlíðarveg 27

Siglufjarðarprentsmiðja

sólarhringa. Upplýstist þá í prófum þessum, að drengurinn hafði sætt miklu verri meðferð en hann hafði sagt hreppstjóranum. Svo lét skipið úr höfn.

En er skipið var farið, kom drengurinn í leitirnar. Hann hafði strokið af skipinu um nóttina og flúið fram í Skarðdalskot og hafzt þar við í felum í þrjá sólarhringa og hvorki fengið þurrt né vott, því að hvergi þorði hann að gefa sig fram meðan hann sá að skipið var enn í höfn.

En nú kom hann og spurði eftir „lénsmanninum“. En hann var þá ekki heima, en drengurinn fann hann hjá Edwin Jacobsen. Er fundum þeirra bar saman, féll hann um háls Hafliða og bað hann líknar hágrátandi.

„Já, ekki þarft þú að óttast mig,“ sagði Hafliði. „Já, er það ekki stórartað, að þú skulir vera lifandi. Við héldum öll, að þú værir drukknaður.“ Og drengurinn sagði honum allt af létta um flotta sinn. Að því búnu tók Hafliði drenginn heim til sín. Þar var hann látinn þrifa sig og klæddur í hrein og góð fót yzt sem innst og um nóttina svaf hann í herbergi með Andrési syni Hafliða og Ólafi Vilhjálmsyni.

Það var vel séð fyrir heimför drengsins og honum fengið far með gufuskipinu Glyg, en því stjórnaði Iversen skipstjóri. Drengurinn hafði með sér bréf frá hreppstjóranum til lénsmannsins í heimabyggð sinni og annað bréf frá frú Indu Tynes til móður hans. Bæði þessi bréf skýrðu nákvæmlega frá málavöxtum og færðu sönnur á, að allir, sem til þekktu, teldu piltinn alsaklausan af áburði skipstjórans. Enda kom brátt í ljós að svo reyndist. Þegar skonnorta þessi kom heim var hún seld. Hinn nýi eigandi lét setja mótörvél í skipið og var þá rifið skilrúmið milli lestarinnar og káetu skipstjóra. Og þá fannst veskið. En í því voru ekki fimm hundruð krónur, eins og skipstjórinn hafði staðhæft, heldur aðeins tvö hundruð krónur. En af piltinum er það að segja, að hann varð hinn nýtasti maður og til mikillar gleði móður sinni og skyldfólki.

Kosningaskrifstofa

undirbúningsnefndar lýðveldiskosninganna í Siglufirði, er í Aðalgötu 18. Opín alla virka daga frá kl. 10—12 f. h. og frá kl. 1—6 e. h.

Nefndin.

Barnaskólabörnin

endurtaka ferðasjóðsskemmtun sína í Sjómannahéimilinu á morgun (sunnudag) kl. 8½ síðdegis. — Styrkið skólabörnin með því að sækja skemmtunina.

Og þegar ég frétt síðast af honum var hann skipstjóri á 6000 smá-lesta olíuskipi, sem Tiger hét.

Þetta er eitt af mörgum dæmum er nefna mætti um framkomu Hafliða og starf, bæði sem privatmanns og umboðsmanns laga og réttar hér á þessum tímum, og læt ég það nægja að sinni.

Óðum líður að ævikvöldi þessa valmennis. Hinn 17. apríl 1917 lézt Hafliði. Hinn langi starfsdagur hans var liðinn og vinsælasti og bezt borgar Siglufjarðar var genginn til sinnar hinztu hvílu.

Oft var Hafliða legið á hálsi fyrir það, að hann drægi um of taum Norðmanna. Ekki skal ég dæma um það. En víst og satt er það, að hann dró einskis manns taum, hvorki Norðmanna né annarra fram yfir það, er honum fannst rétt og samilegt, og afskipti hans af þeim málum er undir hann heyrðu, munu öll hafa hniðið í þá átt, að vinna gagn landi sínu og þjóð, og aldrei mun Ísland hafa beðið tjón af hans völdum, né heldur nokkur einstaklingur.

Sunnudaginn 21. ágúst 1922 safnaðist mikill mannfjöldi saman við heimili hans, þar sem þá bjó tengdasonur hans og ekkja hans. Þar var þá saman komið um 100 manns, bæði Norðmenn og Íslendingar. Þá var afhjúpaður minnisvarðinn, er stendur framan við hús það er hann bjó í. Á hann eru letruð þessi orð: „Reist av norske Venner.“

Tönnnes Wathne, útgerðarmaður, hélt aðalræðuna við það tækifæri.

Um Hafliða og ævistarf hans má með sanni viðhafa orð Björnsterne Björnsons: Þar sem góðir menn fara eru guðs vegir.

Framh.

Innstæður bankanna erlendis hafa vaxið þvínær um helming árið 1943.

—oOo—

Samkvæmt síðasta hefti Hagtíðindanna námu innstæður bankanna erlendis í febrúarlokin síðustu um 485.57 milljónum. Höfðu innstæðurnar aukizt síðan á nýári alls um 11,9 milljónir króna. Á sama tíma í fyrra námu innstæður bankanna erlendis 265.68 milljónum, svo að þær hafa þvínær tvöfaldazt á síðastliðnu ári.

Innlán bankanna jukust um 2.2 milljónir í febrúarmánuði. Þá voru þau samtals orðin 539.979 milljónir Útlán námu á sama tíma 191.979 milljónum króna og höfðu aukizt um 1.4 milljónir.

Á sama tíma í fyrra námu innlögin 363.806 milljónum, en útláin 174.840 milljónum.

—★—

Tilkynning frá Siglufjarðarardeild Slysavarnarfélagssins:

—oOo—

Ef svo ber undir, að óveður geri snögglega, þegar bátar eru á sjó, er mjög nauðsynlegt, að stjórn Slysavarnarfélagssins sé látin vita, hvaða bátar það eru. Mun þá verða reynt að gera ráðstafanir til aðstoðar ef mögulegt er.

Stjórn Slysavarnarfélagssins skipa þessir menn: Axel Jóhannsson, formaður, Viggó Guðbrandsson og Jón Jóhannsson, meðstjórnendur.

—★—

Kvensilkiundirföt

og

hvítt og mislitt TAFT

nýkomið.

Verzlun

Jónínu Tómasdóttur.

ÆVISAGA

BJARNA PÁLSSONAR,

landlæknis,

er nauðsynleg öllum bókavinum. Fæst hjá öllum bókaverzlunum.

Bókaútgáfan EDDA,
Akureyri.

NÝJAR BÆKUR

Pyrnar

Um ókunna stigu

Vestfirðingasaga,

bundin og óbundin.

Bókaverzlun

Lárusar P. J. Blöndal.

Ný

egg

fást daglega hjá

Gesti Fanndal.

Dömkápur

og

herrarykfrakkar

nýkomið.

Verzlun

Jónínu Tómasdóttur.

Auglýsið í Siglufirðing.

HEIMSKRINGLA,

hið fræga rit Snorra Sturlusonar, kemur út á þessu ári. Bókina er hægt að fá óbundna, í alskinni eða svörtum silkishirting. Bókin verður í tveim bindum.

Áskriftarlistar liggja frammi í bókabúð minni.

Hannes Jónasson.

Matur og megin

er bók, sem öllum er þörf á að eignast.

Hannes Jónasson.

Um ókunna stigu

skrifa allir lofsamlega ritdóma, af hvaða stjórnsmálaflokki, sem þeir eru.

Hannes Jónasson.

MatarkeX

KremkeX

PiparkeX

MariukeX

MilkkeX

TekeX

Verzlunin

Sveinn Hjartarson.

KARTÖFLUMJÖL

HRÍSMJÖL

nýkomið.

Verzlunin

Sveinn Hjartarson.